

Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið
Samráðsgátt, mál nr. 43/2024.

Reykjavík, 28. febrúar 2024

Umsögn Landssamtaka lífeyrissjóða (LL) um drög að frumvarpi vegna endurskoðunar örorkulífeyriskerfisins

Mál þetta hefur lengi verið í vinnslu en brýn þörf er á endurskoðun örorkulífeyriskerfisins. Þær breytingar sem stefnt er að með frumvarpinu munu að öllum líkindum verða til verulegra hagsbóta fyrir þá sem hafa skerta starfsorku og einfalda kerfið til muna.

LL vilja þó benda á að mikilvægt er að meta greiðslukerfi til þeirra sem eru með skerta starfsorku heildstætt og líta þar bæði til lífeyris frá almannatryggingum og lífeyrissjóðum. Um helmingur þeirra sem fá greiðslur frá almannatryggingum vegna skertrar starfsorku fá samhliða greiðslur úr lífeyrissjóðakerfinu. Því skiptir miklu máli að fram fari greining á áhrifum breytinga á samspil greiðslna almannatrygginga og lífeyrissjóða í þeim tilgangi að tryggja að kerfin vinni saman.

Í þessu sambandi er vert að nefna bráðabirgðaákvæði XI í lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 1/1997 um víxlverkun á greiðslum almannatrygginga og lífeyrissjóða. Ákvæðið hefur verið framlengt árlega allt frá upphaflegri gildistöku þess 1. janúar 2011. LL hafa ítrekað lagt á það áherslu að fundin verði framtíðarlausn á víxlverkunum á greiðslum almannatrygginga og lífeyrissjóða. Að slíkum breytingum ber að vinna í nánú samstarfi við aðila vinnumarkaðarins og hafa LL óskað eftir því að eiga aðkomu að slíkri vinnu þegar að því kemur að móta heildstæða framtíðarsýn á málaflokkinn.


LL hafa margsinnis komið því að framfæri að við endurskoðun á örorkulífeyriskerfi almannatrygginga sé afar mikilvægt að líta til þess hvaða áhrif slíkar breytingar kunna að hafa á örorkulífeyrisgreiðslur lífeyrissjóða. Greiðslukerfi almannatrygginga og lífeyrissjóða eru samofin og því er mjög brýnt að fram fari ítarleg greining á áhrifum umræddra breytinga á greiðslur frá lífeyrissjóðum og hvernig samspili almannatrygginga og lífeyrissjóða skuli hagað.

Einnig ber að líta til þess að örorkugreiðslur vega misþungt í heildargreiðslum lífeyris milli sjóða. Því er afar brýnt að ekki verði hróflað við jöfnunarframlagi sem ríkið greiðir til lífeyrissjóða vegna örorku án þess að líta til uppruna framlagsins og þess tilgangs sem því er ætlað að þjóna.

LL vonast til þess að fyrirhugaðar breytingar nái fram að ganga sem eru jákvæðar. Hins vegar verður ekki hjá því komist að lýsa yfir vonbrigðum með að ekki sé þeim samhliða litið til hlutverks lífeyrissjóðakerfisins, þá einkum hvernig samspili þessara tveggja mikilvægu stoða í greiðslum lífeyris til þeirra sem búa við skerta starfsorku skuli háttað.

Virðingarfyllst,

f.h. Landssamtaka lífeyrissjóða



Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri